



Fundargerð fræðslunefndar

Miðvikudaginn 19. janúar 2012, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Aðalheiður Árnadóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Baldur Magnússon, Sverný Halbjörnsdóttir og Magnús B. Jónsson. Hildur Ingólfssdóttir, Erna Hreinsdóttir og Björk Sveinsdóttir voru á fundinum undir dagskrárlíð 1 og Þórunn Bernóudsdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir og Sesselja Guðmundsdóttir voru á fundinum undir dagskrárlíð 2.

Birna Sveinsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Kl. 16.00

1. Grunnskólinn

a. Fjárhagsáætlun 2012

Hildur skólastjóri fór yfir helstu rekstrarlíði í fjárhagsáætlun fyrir grunnskólann. Umræður urðu um bæði heildartölur og einstaka rekstrarþætti.

Rekstrartekjur grunnskólans eru áætlaðar 20,3 milljón króna og rekstargjöld 117,1 milljón. Áætluð rekstrarniðurstaða er 96,7 milljónir.

Formaður fór yfir helstu þætti í fjárhagsáætlunar vegna fræðslumála fyrir utan rekstur skóla og leikskóla. Heildarrekstrarniðurstaða fræðslumála er áætluð 153,0 milljónir króna.

b. Málefni grunnskólans almennt

Skólastjóri ræddi ýmis mál sem varða skólastarfið bæði innra starf og ýmislegt sem varðar rekstur skólans. Fram kom að 8 nemendur í efsta bekk skólans eru að taka áfanga í framhaldsskóla í samstarfi við FNV.

Umræður urðu um húsnæði skólans og þær endurbætur sem voru gerðar á því sl. sumar.

Kl 17.00

2. Leikskólinn Barnaból.

a. Fjárhagsáætlun 2012

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun leikskólans sem leikskólastjóri kynnti.

Umræður urðu um bæði heildartölur og einstakar rekstarþætti leikskólans.

Rekstrartekjur leikskólans eru áætlaðar 11,6 milljónir og rekstrargjöld 44,7 milljónir. Áætluð rekstrarniðurstaða er því 33,1 milljón.



- b. Málefni leikskólans almennt
- Leikskólastjóri fór yfir helstu atburði sem framundan eru í starfi leikskólans. Fram kom að foreldrarstarf í leikskólanum er mjög öflugt og lýsti leikskólastjóri ánægju sinni með það.
 - Leikskólastjóri vakti sérstaka athygli á þörf fyrir sérkenndu í leikskólanum og taldi hann ekki geta uppfyllt skyldur sínar og þarfir nemenda við núverandi stöðu og gerði að tillögu sinni að stöðugildi verði aukið til að bregðast við.
 - Leikskólastjóri greindi frá því að könnun hafi verið gerð á viðhorfum foreldra til breytinga eða óbreyttar sumarlokunar leikskólans. Niðurstöður benda til að ekki sé afgerandi vilji til breytinga en viðhorf nokkuð jöfn af þeim sem skiluðu könnun. Leikskólastjóri lagði til að sumarfríslokun verði óbreytt þ.e. 5 vikna lokun 9. júlí – 12. ágúst.
 - Leikskólastjóri greindi einnig frá að hún hafi skoðað breytingu á dvalartíma þar sem fyrirspurnir hafi komið um hvort hægt sé að láta börn mæta í dvöl á mismunandi tímum.
Í ljósi breyttra forsendna í rekstri leikskólans þar sem fyrirséð er að börnum muni fækka sem aftur hafi áhrif á stöðugildi sé ekki rétt að fjölga dvalartilboðum og að sinni. Sérstaklega var tekið fyrir hvort hægt sé að bjóða 50% nýtingu á dvalarplássi. Fræðslunefnd taldi ekki forsendur til þess.
 - Leikskólastjóri fór yfir gjaldskrá leikskólans og bar hana saman við gjaldskrá nokkurra annarra leikskóla. Ákveðið að taka gjaldskrá leikskólans til endurskoðunar á miðju ári.
 - Lögð var fram tillaga að vinnureglu um afslátt til einstæðra foreldra sem fræðslunefnd samþykkti.
 - Leikskólastjóri fór yfir og kynnti nýja aðalnámskrá um leikskóla og greindi frá því að innan þriggja ára beri leikskólum að hafa aðlagð skólanámskrá og starf að aðalnámskránni.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.20

Birna Sveinsdóttir
Jóhanna Karlsdóttir
Svenný Hallbjörnsdóttir

Aðalheiður Árnadóttir,
Baldur Magnússon,
Magnús B. Jónsson.